



Formaður verkefnahóps um læsi
Guðfinna S. Bjarnadóttir
Mennta- og menningarmálaráðuneytinu
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um þriðju drög að aðgerðaáætlun um læsi, dagsett 2. mars 2015.

Eftirfarandi er umsögn fulltrúa Kennarasambands Íslands í samráðshópi með verkefnastjórn ráðuneytis um þriðju drög að aðgerðaáætlun um læsi. Kí telur ýmis atriði hafa færst til betri vegar í þriðju drögum aðgerðaáætlunar um læsi frá fyrstu drögum. Engu að síður eru í þessari umsögn Kí reifuð svipuð efnisatriði og í þeirri fyrri enda ekki við öðru að búast þar sem aðgerðaáætlunin sjálf tekur til margra þátta, bæði almennra og sértækra. Þar liggja veikleikar áætlunarinnar að mati Kí. Ekki er gerður greinarmunur á almennum og sértækum atriðum né úrræðum. Aðgerðaáætlunin er fremur einskonar tékklisti um framkvæmdaatriði en ekki áætlun um skólaþróun. Í slíkri framsetningu er hætt við því að í framkvæmdinni muni þættir sem skipta máli gleymast eða týnast. Treysta verður fagmennsku kennara til að velja þær aðferðir og stuðning sem hæfa hverju sinni til að efla læsi nemenda fremur en að ráðuneytið setji fram heildstæða áætlun af því tagi sem þörf er fyrir. Nú þegar vinna skólar eftir nýjum aðalnámskrám þar sem flestir þeir þættir sem hér eru reifaðir koma fram. Kí undirstrikar að aðgerðaáætlun um læsi eða áætlanir um starfsmenntun og námstíma geta ekki komið í staðinn fyrir áætlun um innleiðingu skólastarfsbreytinga samkvæmt námskrám sem svo mikil þörf er fyrir með myndarlegum stuðningi við skóla og kennara til að koma námskrám í framkvæmd.

Kí áskilur sér allan rétt til frekari umsagna um aðgerðaáætlun um læsi og að fylgja umsögnum eftir. Kí undirstrikar að menntamálaráðuneytið eigi samstarf við kennarasamtökin sem stendur undir nafni.

Efnisskipan

Kí telur að efnisskipan þurfi að skoða betur og lagfæra skörun á efni milli kafla og endurtekningar. Kí mælir með að í fyrsta kafla verði, auk tillögu um ákvörðun um árangur í læsi (1a), komið fyrir tillögum sem fela í sér almennar aðferðir, breiða hugsun og samstarf. Þær eru:

Neðanmáls á bls. 3:

- *Markvisst verði vakin athygli á mikilvægi læsis sem félagslegs jöfnunartækis, undirstöðu velgægni einstaklinga og grundvöll áframhaldandi náms út allt lífið: Hvatt er til þess að ljósi verði varpað á mikilvægi læsis í viðtækum skilningi jöfnuðar, tækifæra, hagrænna sjónarmiða og lífsgæða hvers einstaklings og samfélags.*
- *Hvatt verði til rannsókna í þessu samhengi og aukins skilnings.*

Neðanmáls bls. 4:

- *Árleg ráðstefna: Ráðgjafar efni til námsstefnu þar sem læsi verði í brennidepli. Tilgangurinn verði að (a) varpa ljósi á læsisárangur, (b) auka umræðu um læsi og þær leiðir sem bestar eru til að ná árangri í læsiskennslu og (c) vekja áhuga á læsi meðal nemenda og skólasamfélaga.*

Í fyrsta kafla verði einnig tillögur um fjölgun leikskólakennara (3a), hlutverk foreldra (4a), lesefni og áhuga á lestri (3d og 4b) og fjölmíðla og kynningar á lesefni (4c).

Kí mælir með að í öðrum kafla verði, auk tillagna um ráðgjöf, stuðning og starfsþjálfun og heimasíðu (2a og 2b), komið fyrir tillögum sem eru í öðrum köflum og fela í sér ráðgjöf, stuðning og starfsþjálfun kennara. Þær eru:

- Hlutverk kennaramenntunarstofnana í því að styðja við markmið um að allir kennarar skilgreini sig sem læsiskennara (fyrsta málsgrein í 3c).
- Stuðningur við skóla og kennara við að fylgja eftir ytra og innra mati á skólastarfi (3c og 3f).
- Endurskoðun kennaramenntunar, aukning á starfsþjálfun kennaranema á vettvangi, menntun sérkennara, skipulagður stuðningur við nýtskrifaða kennara, endurskilgreining á hlutverki og ábyrgð háskóla til að sinna starfandi kennurum (3e).
- Hlutverk skólastjórnenda og starfsþróun vegna læsis (3f).
- Samráð við fagráð um símenntun og starfsþróun kennara (3f).

Kí mælir með að í þriðja kafla verði, auk tillagna um snemmtæka íhlutun (3a), raunprófaðar aðferðir (3b) og tillögu í 3c um kerfisbundið læsiskóla í og eftir 4. bekk, komið fyrir tillögum sem eru í öðrum köflum og fela í sér ýmis viðmið og úrræði. Þær eru:

- Árangur og mat (1b).
- Viðmið og viðbragðsáætlanir (1c).
- Samstarf og skilningur á mikilvægi læsis (1d).
- Skimun í lestri (2c).

Umsögn KÍ um þriðju drög að aðgerðaáætlun um læsi tekur mið af ofangreindri efnisskipan.

Inngangur að aðgerðaáætlun

KÍ telur mjög mikilvægt að í inngangi verði undirstrikað betur að læsi er sameiginlegt verkefni alls samfélagsins. Fjalla þarf um nauðsyn viðhorfsbreytinga til náms, skóla og kennarastarfsins og um forystuhlutverk stjórnvalda í því að hvetja og tala fyrir framtíðarsýn og stefnu og um mikilvægi skóla og kennara í því að menntakerfið og samfélagið nái þeim markmiðum sem stefnt er að.

Í inngangi er lögð áhersla á að aukið læsi sé ekki átaksverkefni, heldur þurfi að vera stöðugar umbætur í menntakerfinu og að skólar og sveitarfélög starfi sem lærdómssamfélag. Á kynningarfundum um aðgerðaáætlun um læsi hefur verið dreginn upp sá fræðilegi bakgrunnur sem aðgerðaáætlun byggir á, fagauður kennarastéttarinnar og skólinn sem lærdómssamfélag. KÍ telur mjög mikilvægt að í inngangi sé aðgerðaáætlun vel tengd við þennan grunn. Gera þarf grein fyrir lykilhlutverki kennara í að styðja við og vinna að markmiðum um aukið læsi og námsárangur allra nemenda og fjalla um aðgerðir sem efla fagauð stéttarinnar, lærdómssamfélag í skólunum og skólaþróun. KÍ telur að aðgerðaáætlun um læsi þurfi að fela í sér sérstök markmið og tillögur um hvetjandi og skapandi starfsaðstæður kennara til að gera kennslu að eftirsóknarverðu starfi, auka aðsókn í kennaranám og nýliðun í stéttinni.

Ákvörðun um árangur í læsi

KÍ telur hlutverk ráðuneytisins í aðgerðaáætlun enn vera mjög óljóst. Mjög nauðsynlegt er að fram komi afdráttarlaust að læsisstefnan er sett fram samkvæmt hvítbók ráðherra og að meginábyrgð á því að innleiða og fylgja eftir aðgerðum liggja hjá ráðherra og ráðuneyti. Þá er einboðið að skilgreindir og tryggir fjármunir fylgi aðgerðaáætlun og ábyrgð sveitarfélaga verði betur skilgreind. Sveitarfélögum þarf einnig að vera ljóst hver muni bera þá kostnaðaraukningu sem augsjállega hlýst af aðgerðaáætlun.

Menntamálaráðherra þarf að ganga opinberlega fram fyrir skjöldu og tala skýrt um gildi kennarastarfsins fyrir samfélagið til að skapa væntingar og tiltrú kennara. KÍ leggur áherslu á að sett verði markmið og gerðar tillögur um aukið læsi sem sameiginlegt verkefni alls samfélagsins og um nauðsynlegar viðhorfsbreytingar til náms, skóla og kennarastarfsins. Kveða þarf á um forystuhlutverk stjórnvalda í þessum efnis, að þau tali fyrir framtíðarsýn og stefnu og um mikilvægi skóla og kennara í því að menntakerfið og samfélagið nái þeim markmiðum sem stefnt er að. KÍ telur mjög mikilvægt að í aðgerðaáætlun verði sérstök markmið og tillögur um hvetjandi og skapandi starfsaðstæður kennara til að gera kennslu að eftirsóknarverðu starfi, auka aðsókn í kennaranám og nýliðun í stéttinni.

Kí telur það vera sérstakt hlutverk ráðherra og ráðuneytis umfram aðra að vekja markvisst athygli á mikilvægi læsis sem félagslegs jöfnunartækis, undirstöðu velgengni einstaklinga og grundvöll áframhaldandi náms út allt lífið og að styðja við rannsóknir í þessu samhengi með auknum fjárframlögum, sbr. tillögur neðst á bls. 3. Kí telur það líka vera hlutverk ráðherra og ráðuneytis að standa fyrir árlegri ráðstefnu um læsi, sbr. tillögu neðst á bls. 4.

Í aðgerðaáætlun kemur ekkert frekar fram um fjármuni frá fyrstu drögum. Kí ítrekar aftur þá skoðun sína að það er mjög óeðlileg ráðstöfun að ætla skólum að sækja um fjármuni í sjóði til að vinna að opinberri stefnu um læsi. Kí leggur áherslu á að skólum og sveitarfélögum verði tryggðir fjármunir til að vinna að aðgerðum og að fjármunum verði ráðstafað beint til þeirra.

Kí lýsir yfir ánægju með orðalag um að mikilvægt sé að áfram verði hugað að fjölgun leikskólakennara en telur engu að síður að fjalla þurfi um í aðgerðaáætlun hvernig eigi að fjölga leikskólakennurum í leikskólum landsins. Í aðgerðaáætlun þarf að gera grein fyrir hvernig eigi að vinna að fjölgun leikskólakennara til að uppfylla skilyrði laga nr. 87/2008 um að lágmarki 2/3 hlutar þeirra er sinna uppeldi og menntun í leikskólum hafi leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi.

Í sambandi við það sem segir í tillögu 1a um að leikskólar og grunnskólar vinni læsistefnu í samræmi við læsistefnu sveitarfélaga þá bendir Kí á að samkvæmt lögum og reglugerðum starfa leikskólar og grunnskólar samkvæmt stefnum sveitarfélaga. Kí telur því þessa setningu vera óþarfa.

Þá segir einnig í tillögu 1a að í læsistefnu sveitarfélaga komi fram viðmið um árangur í læsi fyrir alla aldurshópa í grunnskóla. Kí leggur áherslu á að aðgerðaáætlun gildi um nemendur til 18 ára aldurs og að hlutverk framhaldsskóla við að vinna að auknum árangri í læsi verði skilgreint. Kí bendir á að tíma mun taka að ná árangri og því mikilvægt að framhaldsskólar vinni líka að auknu læsi nemenda.

Kí leggur áherslu á að í aðgerðaáætlun verði gerð grein fyrir hvert hlutverk einstakra skólastiga er í læsisaðgerðum, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, almennt og sértækt vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku og nemenda með sérþarfir, áherslur, markmið og viðmið um árangur við lok leikskóla, grunnskóla og við 18 ára aldur í framhaldsskóla.

Kí leggur ríkt á um að aðgerðum verði fylgt eftir með stórauðinni útgáfu vandaðra og fjölbreytilegra náms- og kennslugagna og aðgengi að þeim á öllum skólastigum. Kí telur mjög brýnt að náms- og kennslugögn verði nemendum að kostnaðarlausu frá upphafi leikskóla til 18 ára aldurs í framhaldsskólum. Kí bendir aftur á að notkun rafræns kennsluefnis gerir kröfu um góðar nettengingar og tölvubúnað í skólum.

Kí bendir á að í tillögu 4a þarf að fjalla um vinnubrögð nemenda, námsvenjur og aðgerðir til að auka skuldbindingu í námi, og um ábyrgð foreldra á þessum þáttum í námi barna sinna.

Efla ráðgjöf, stuðning og starfsþjálfun kennara

Eins og áður þá telur Kí markmið um ráðgjafa vera ágæt en óraunsætt er að þeir geti byggt upp styðjandi námsumhverfi um allt land og sinnt öllum þeim verkefnum sem nefnd eru. Fjöldi leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er ríflega 500 sem gera meira en 50 skóla á hvern ráðgjafa.

Kí telur líka eins og fyrr nauðsynlegt að fastir kennsluráðgjafar séu fyrir hendi í skólum og sveitarfélögum sem starfi með „landsráðgjöfum“ því umboðið til að taka ákvarðanir og framfylgja þeim er á viðkomandi stöðum. Kí telur það vera ábyrgð menntamálaráðuneytis að greiða kostnað við ráðgjafa.

Kí undirstrikar að það er ekki fullnægjandi forsenda fyrir árangri aðgerða um aukið læsi og námsárangur allra nemenda að ráðgjafar vinni í anda stöðugra umbóta heldur þarf að leggja rækt við að skapa væntingar og tiltrú kennara á aðgerðum og að kennarar upplifi að þeir „eigi“ hugmyndirnar og vinna að útfærslu aðgerða neðan frá. Skapa þarf kennurum aðstæður til að vinna að umbóta- og þróunarstarfi með því að styrkja fagauð stéttarinnar með starfsþróun og tíma fyrir ígrundun í starfi og til samstarfs, eftirfylgni og fjármuni til innleiðingar. Í þessum kafla þurfa að vera skýr tengsl við fræðilegan bakgrunn aðgerðaáætlunar og útlístan á aðferðum við að efla fagauð kennarastéttarinnar, lærdómssamfélag í skólum og skólaþróun. Þessi atriði þurfa að vera í forgrunni aðgerðaáætlunar og lykilþræðir í uppistöðu hennar.

Kí spyr um aðferðir við að ná til kennara með boðskapinn um starfshætti í skólum og aðferðir til að styrkja fagauð kennarastéttarinnar, lærdómssamfélag í skólum og umbóta- og þróunarstarf.

Stefna Kí um kennaramenntun er að hún þurfi að innihalda breytt svið: grunnmenntun, vettvangsnám, starfsaðlögun, leiðsögn og ráðgjöf í starfi, starfsþróun og ígrundun í starfi. Þessir þættir þurfa að mynda til samans stefnu um menntun og þjálfun kennarastéttarinnar og skipulag menntunar hennar. Kennaramenntunin þarf að ná yfir allan starfsferil kennara.

Kí telur að bregðast þurfi við of lítilli starfsþjálfun kennaraefna á vettvangi með auknu vægi vettvangsnáms í heildarnámstíma og einingafjölda kennaramenntunar og lögfesta það. Einnig er mikil þörf á því að í skólum sé fyrir hendi skipulagður stuðningur við nýútskrifaða kennara og ráðgjöf og leiðsögn fyrir alla kennara. Ennfremur þurfa háskólar sem mennta kennara að tengja starf sitt í miklu meira mæli við vettvanginn í skólunum, miðla rannsóknum og aðferðum og sinna starfsþróun kennara á öllum skólastigum. Starfsþróun kennara þarf bæði að taka mið af þörfum skóla og einstaklinga, faglegri þróun og nýjungum, og kennarastéttin að vera þátttakandi í skipulagi eigin starfsþróunar.

Kí ítrekar að til þess að skólastjórnendur geti veitt í meira mæli faglega leiðsögn í skólastarfinu en nú er þarf að létta verkefnum af þeim og fjölga stöðugildum í stjórnun í skólunum til að skapa þeim aðstæður til að sinna þessu. Einnig þarf að koma til markviss stuðningur við starfsþróun skólastjórnenda, bæta möguleika og aðgengi þeirra að starfsþróun og starfsþjálfun til að gera þeim kleift að sinna meira faglegri leiðsögn í skólastarfinu en nú er.

Kí telur að fjalla þurfi með skipulegri hætti í aðgerðaáætlun um heildstætt skipulag kennaramenntunar og hlutverk kennaramenntunarstofnana, stuðning við skóla og kennara við að fylgja eftir ytra og innra mati á skólastarfi í umbóta- og þróunarstarfi og aðferðir til að styðja við aukið vægi skólastjórnenda í faglegri leiðsögn.

Kí bendir á að nýlega kom út skýrsla um reynsluna af sameiningu KHÍ og HÍ. Búið er að gera aðgerðaáætlun á grundvelli þessarar skýrslu sem hefur þann tilgang að efla kennaramenntun og kennarastarfið. Kí spyr um þýðingu og samhengi þessa við það sem tíundað er í aðgerðaáætlun um kennaramenntun, hlutverk kennaramenntunarstofnana og kennarastarfið.

Leggja áherslu á læsi á öllum skólastigum

Kí varar sem fyrr við því að mælingar og stöðlun yfirskyggi markmið um aukinn árangur allra aldurshópa í læsi. Niðurstöður mats þarf fyrst og fremst að nota til að styðja við nám og kennslu en ekki til að draga skóla og nemendur í dilka.

Kí telur að orðalag í tillögu 1b um að „Reglubundnar mælingar (skimanir/mat) verði gerðar...“ þurfi að vera mun nákvæmar. Hvers konar mat og skimanir er átt við? Kí telur að þetta þurfi að skýra nánar. Ef átt er við að nota eigi HLJÓM-2 þá þarf það að koma fram. Þá er ennfremur mikilvægt að fram komi að niðurstaða á HLJÓM-2 eigi einnig að nýtast umsjónarkennara barnsins í grunnskóla. Rannsóknir sýna að skimanir/mat sem gerðar eru í leikskólum fylgja börnum yfir í grunnskólann en

eru vannýttar upplýsingar þar. Kí telur mjög mikilvægt að niðurstöður skimana og mats á leikskólabörnum fylgi þeim í grunnskólann og upplýsingar um læsisvanda nemenda í grunnskóla skili sér til framhaldsskóla og að unnið sé kerfisbundið með upplýsingarnar á einstökum skólastigum.

Kí rifjar upp að í fyrstu drögum að aðgerðaráætlun um læsi var lögð áhersla á samstarf heilsugæslu og leikskóla og að niðurstöður skimunar ungra barna hjá heilsugæslunni skili sér til leikskólanna. Kí telur rétt að hafa þessa áherslu í aðgerðaáætlun.

Kí telur að skilgreina þurfi snemmtæka íhlutun, hvað í henni felist, áherslur, markmið og viðmið út frá aldri barna og hlutverkum einstakra skólastiga í læsisaðgerðum.

Kí bendir einnig á að til lítils er að skima og meta ef ekki fylgja tryggir fjármunir til að bregðast við með markvissri kennslu og stuðningi við börn og ungmenni og foreldra þeirra. Snemmtæk íhlutun kemur ekki að gagni nema að fjármagn fylgi og að fagfólk sé fyrir hendi til að sinna henni. Fjölgun leikskólakennara í leikskólum landsins er forsenda þess að reglubundnar mælingar (skimanir og mat) séu framkvæmanlegar.

Kí bendir á að í fyrstu drögum að aðgerðaáætlun um læsi var lögð áhersla á að leiðbeinandi viðbragðsáætlanir yrðu þróaðar miðlægt fyrir kennara og skóla til að ýta undir heildstæðari nálgun í læsi. Í þriðju drögum að aðgerðaáætlun segir hins vegar í tillögu 1c að leiðbeinandi viðbragðsáætlanir verði þróaðar innan hvers skóla. Kí spyr um þetta. Ganga áformin út á að hver skóli geri sínar viðbragðsáætlanir? Ef svo er, hvers vegna?

Kí spyr einnig um tillögu 1b, að miðlæg gagnaöflun um árangur í læsi verði á hendi ráðuneytis með aðgengilegum gögnum sem nýtast til stefnumótunar og ákvarðanatöku. Um hvers konar gagnaöflun er að ræða? Af hálfu hverra? Hvaða gögn verða gerð aðgengileg, hvernig, fyrir hverja, í hvaða tilgangi, hvernig eiga gögn að nýtast?

Það er áhersla Kí að börn sem á þurfa að halda eigi að fá meðferð og þjálfun vegna tal- og málþroskaröskunar í sínum skólum. Veigamikill þáttur stoðkerfis er greining á tal- og málþroskaröskunum barna, meðferð og þjálfun, fjölga þarf sérfræðingum á þessu sviði í skólum og sveitarfélögum til að stytta biðlista. Kí telur brýnt að fjalla um þessa þætti í aðgerðaáætlun.

Kí telur aðgerðir til að styrkja stöðu nemenda með annað móðurmál, nemendur með sérþarfir af ýmsu tagi og foreldra þeirra þurfi að vera mun meira í forgrunni aðgerðaáætlunar. Kí spyr hvað átt er við með stuðningsneti fyrir foreldra barna með annað móðurmál en íslensku innan sveitarfélags/hverfis? Hvers konar stuðningsnet er átt við, hvernig verður því komið á og hver ber ábyrgð á því?

Kí telur eins og áður breytingar á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla ekki vera rétta nálgun að því að auka árangur í læsi. Nemendur nýta best lestrargetu og þjálfu færni í læsi í samhengi við raunveruleg viðfangsefni.

Kí telur að hugsa þurfi um hvaða fræðsla geti almennt séð verið á vegum skóla og hvaða fræðsla þurfi að vera miðlæg vegna sérfræðipækkingar. Hver sér t.d. um fræðslu fyrir foreldra þegar vart verður við lestrarörðugleika? Hugsa þarf fyrir aðstoð og ráðgjöf við skóla við að skipuleggja fræðslu fyrir foreldra og að útbúa fræðslu og námskeið.

Virðingarfyllst

F.h. Kennarasambands Íslands


Aðalheiður Steingrimsdóttir fulltrúi Kí í samráðshópi